



## Fundargerð

394. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps  
Fimmtudaginn 23. júní kl. 16.30.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Karl Kristjánsson (KK) oddviti, Vilberg Þráinsson (VP), Áslaug Berta Guttormsdóttir (ÁBG), Sandra Rún Björnsdóttir (SRB) og Ágúst Már Gröndal (ÁMG). Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er fjórar blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkomið og óskaði eftir öðrum málum á dagskrá, tvö mál bárust og var samþykkt að taka þau á dagskrá undir liðnum önnur mál. Þá var gengið til dagskrár.

## Dagskrá:

### Fundargerðir

#### 1. 393. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps haldinn 12. maí 2016.

*Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.*

#### 2. Skipulags-, húsnæðis- og hafnarnefnd 20. júní 2016.

2.1. 1311010 – Deiliskipulag við Reykhóla, útivistarsvæði og Sjávarböð.

*Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar, skipulagsfulltrúa falið að auglýsa deiliskipulagið í B-deild Stjórnartíðinda. Samþykkt samhljóða.*

2.2. 1502026 – Breyting á deiliskipulagi í Fremri-Gufudal.

*Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar, skipulagsfulltrúa falið að láta lagfæra gögnin til viðeigandi aðila. Samþykkt samhljóða.*

2.3. 1605007 – Bogaskemma 139744, umsókn um lóð.

*Sveitarstjórn samþykkir að gengið verði til samninga við erfingja Hákonar Einarssonar og Karitasar Bjarnadóttur um leigu á lóðinni Bogaskemma 139744 í Flatey, að erfingjar fái þannig notið að hluta til þeirrar lóðar sem áður var Baldurshagi. Skilyrði samnings er að leigutaki verði félag niðja ofangreindra aðila eða aðili með umboð af þeirra hálfu. Samþykkt samhljóða.*

### Mál til afgreiðslu

#### 1. 1606004 – Kjör oddvita til eins árs skv. 7. gr. samþykktar um stjórn Reykhólahrepps 685/2013 með síðari breytingu 941/2014.

*Vilberg Þráinsson kjörinn oddviti sveitarstjórnar Reykhólahrepps með öllum greiddum atkvæðum.*

Hér tók nýkjörinn oddviti sveitarfélagsins við fundarstjórn.

2. **1606005 – Kjör varaoddvita til eins árs skv. 7. gr. samþykktar um stjórn Reykhólahrepps 685/2013 með síðari breytingu 941/2014.**

*Karl Kristjánsson kjörinn varaoddviti sveitarstjórnar Reykhólahrepps með öllum greiddum atkvæðum.*

3. **1606003 – Sumarfrí nefnda og sveitarstjóra, lokun skrifstofu og frestun fundar í ágúst.**  
Erindi frá sveitarstjóra dagsett 16. júní 2016.

*Sveitarstjórn samþykkir erindið samhljóða. Skrifstofa sveitarfélagsins verður lokuð tímabilið 25. júlí til 5. ágúst að báðum dögum meðtöldum. Orlof sveitarstjóra verður frá 18. júlí til og með 18. ágúst 2016. Sumarfrí nefnda verður frá afgreiðslu ársreiknings fram til 19. ágúst 2016. Fyrsti fundur sveitarstjórnar eftir sumarfrí verði 25. ágúst.*

4. **1605006 – Forsetakosningar 25. júní 2016.**

4.1 Formleg samþykkt kjörskrár.

4.2 Staðsetning kjörfundar.

Erindi frá kjörstjórn Reykhólahrepps dagsett 22. maí 2016.

*4.1 Sveitarstjórn samþykkir formlega framlagða kjörskrá vegna forsetakosninganna. Kjörskráin byggir á kjörskrárstofni frá Þjóðskrá og gerir sveitarstjórn ekki athugasemdir við hana. Samþykkt samhljóða.*

*Kjörskráin hefur legið frammi á opnunartíma skrifstofu sveitarfélagsins frá 15. júní og mun liggja frammi fram að kjördegi. Auglýsing þess efnis birtist á vef sveitarfélagsins 15. júní 2016.*

*Sveitarstjórn veitir sveitarstjóra fullnaðarheimild til að fjalla um athugasemdir, gera nauðsynlegar leiðréttingar og úrskurða um ágreiningsmál sem kunna að koma fram að kjördegi. Samþykkt samhljóða.*

*4.2 Sveitarstjórn samþykkir staðsetningu kjörfundar vegna forsetakosninga 25. júní 2016 samhljóða. Kjörfundur skal haldinn í Stjórnsýsluhúsi Reykhólahrepps við Mariutröð 5a.*

5. **1503010 – Stefnumörkun sveitarfélaga á Vestfjörðum, fyrstu skref.**

Greinargerð og erindi, ósk um umsögn, frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga dagsett 24. maí 2016.

*Sveitarstjórn Reykhólahrepps gerir engar athugasemdir við framlagða greinargerð og tekur jákvætt í áframhaldandi vinnu við svæðisáætlun fyrir Vestfirði. Samþykkt samhljóða.*

6. **1606007 – Bættar og sýnilegri sveitarfélagssíður á vef Markaðsstofu Vestfjarða.**

Erindi frá Markaðsstofu Vestfjarða dagsett 13. júní 2016.

*Markaðsstofa óskar í erindi sínu eftir tilnefningu sveitarstjórnar á tengilið vegna ofangreinds verkefnis Markaðsstofu. Sveitarstjórn tilnefndir Hlyn Þór Magnússon vefstjóra tengilið við verkefnið. Samþykkt samhljóða.*

7. **1606008 – Umsókn um nýtt rekstrarleyfi, ósk um umsögn.**

Erindi frá Sýslumanninum á Vestfjörðum dagsett 9. júní 2016, vegna umsóknar Þrískerja ehf.

*Sveitarstjórn Reykhólahrepps gerir ekki athugasemd við umsókn um nýtt rekstrarleyfi fyrir Þrísker ehf. Samþykkt samhljóða.*

**8. 1606009 – Umsókn um rekstrarleyfi, ósk um umsögn.**

Erindi frá Sýslumanninum á Vestfjörðum dagsett 11. júní 2016.

*Sveitarstjórn Reykhólahrepps gerir ekki athugasemd við umsókn um rekstrarleyfi fyrir Bata- og hlunnindasýninguna. Samþykkt samhljóða.*

**9. 1606011 – Grænagarðsbrunnur, staða.**

Erindi og greinargerð frá Flateyjarveitum dagsett 18. maí 2016.

*Málinu frestað til næsta fundar. Samþykkt samhljóða.*

**10. 1606012 – Ágangur búfjár á Bæjarnesi, ósk um samstarf um lagfæringu á girðingum.**

Erindi frá Kirkjubólsfélaginu dagsett 13. júní 2016.

*Sveitarstjórn bendir á að málefnið heyrir ekki undir hana. Girðingin er í eigu Matvælastofnunar sem ber ábyrgð á henni. Ágangur búfjár er mál landeigenda annars vegar og fjáreigenda hins vegar. Samþykkt samhljóða.*

**11. 1606013 – Styrkbeiðni.**

Erindi frá Sjávarsmiðjunni ódagsett.

ÁBG vikur af fundi undir þessum lið.

*Sveitarstjórn samþykkir að veita Sjávarsmiðjunni styrk að upphæð kr. 120.000 vegna reksturs árið 2016. Samþykkt með þremur atkvæðum SRB, KK og VP á móti einu ÁMG.*

ÁBG kom aftur inn á fund.

**12. 1602007 – Mál til umsagnar frá nefndasviði Alþingis.**

12.1 Tillaga til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum fyrir árin 2016-2019, 764. mál.

*Sveitarstjórn veitir ekki umsögn um málið. Samþykkt samhljóða.*

**Mál til kynningar**

**1. 1606014 – Endurskoðun á samningi Umhverfisstofnunar og sveitarfélaga um refaveiðar 2014-2016.**

Erindi frá Umhverfisstofnun dagsett 5. apríl 2016.

*Erindið lagt fram og kynnt.*

**2. 1606015 – Fundarboð á ársfund Náttúrustofu Vestfjarða 14. júní 2016.**

*Lagt fram og kynnt.*

**3. 1606016 – Ársreikningur Fjórðungssambands Vestfirðinga 2015.**

*Ársreikningur lagður fram.*

4. 1606017 - Ársreikningur Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks.

*Ársreikningur lagður fram.*

5. 1606018 – Ársreikningur Starfsendurhæfingar Vestfjarða og ársskýrsla 2015.

*Ársreikningur lagður fram.*

6. 1603008 – Fundargerð 107. fundar heilbrigðisnefndar Vestfjarðasvæðis.

*Fundargerð lögð fram.*

7. 1603009 – Fundargerð 840. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

*Fundargerð lögð fram og kynnt.*

**Önnur mál (ef einhver), löglega upp borin**

8. 1606019 – Umferðaröryggi gangandi vegfarenda í Reykhólahreppi.

*Erindi frá Björk Stefánsdóttur og Herðísi Matthíasdóttur dagsett 20. júní 2016.*

*Sveitarstjórn samþykkir kaup á tveimur umferðareyjum til að mynda eina hraðahindrun á Hellisbraut, enda fellur sá vegur undir sveitarfélagið. Sveitarstjóra falið að koma erindinu á framfæri við Vegagerðina, þar sem Karlseyjarvegur heyrir undir hana, og kanna möguleika hennar á því að koma fyrir einhvers konar hraðahindrun á honum, þar sem hann liggur við íbúabyggð. Samþykkt samhljóða.*

9. 1606010 – Tillögur og ábendingar um breytingar á ákvæðum um mat á umhverfisáhrifum.

*Erindi frá Umhverfisstofnun dagsett 8. júní 2016.*

*Erindi lagt fram og kynnt.*

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 19.20.

---

---

---

---

---

---